

# Orlofsíbúð BÍ í Þorrasölum 13-15

Bændasamtök Íslands bjóða félagsmönnum sínum að nýta sér orlofsíbúð gegn vægu gjaldi.

Íbúðin er í fjölbýlishúsi í Þorrasölum 13-15 í Kópavogi og rúmar auðveldlega fjóra gesti. Í henni eru tvö svefnherbergi, rúmgóð stofa sem er sambyggð eldhúsi, bað- og þvottaherbergi og stórar svalir. Í Þorrasölum eru ný húsgögn og heimilistæki. Stutt er í alla þjónustu, m.a. sundlaug og fjölbreyttar verslanir.

Leigutími getur verið frá einum sólarhring og upp í viku (hugsanlega lengur við sérstakar aðstæður). Skiptidagar eru alla daga nema laugardaga og sunnudaga.

Sængur og sængurver eru í íbúðinni.

Leigjendur eru vinsamlegast beðnir um að ganga vel um íbúðina og ganga frá eftir sig að dvöl lokinni.

## Til fullnægjandi frágangs telst m.a. eftirfarandi:

- Þvo gólf, hreinsa handlaug, baðkar, spegla og klósett.
- Þurrka af rykflötum og hreinsa úr gluggum.
- Þvo upp leirtau og potta, ekki skilja eftir í uppvottavél.
- Hreinsa eldavél og bakarofn.
- Hreinsa ísskáp og ekki skilja eftir matarleifar.
- Ruslapoka þarf að fara í ruslatunnu/gáma út við götu.
- Loka gluggum og tryggja að svala- og útihurð séu læstar.

Athugið að sé íbúðin ekki þrífín á fullnægjandi hátt getur leigjandi átt von á því að þurfa að greiða þrífagjald.

## Húsreglur

- Þetta er fjölbýlishús. Virða ber reglur um umgengni og hávaða, sbr. lög um fjölbýlishús.
- Bannað er að raska svefnfriði íbúa hússins frá miðnætti til kl. 07 að morgni.
- Með öllu er óheimilt að framleigja íbúðina til annarra.
- Íbúðin og allt innanstokks er á ábyrgð leigutaka. Ber honum að sjá um að gengið sé vel um íbúðina og við brottför sé hún þrífín og hver hlutur á sínum stað
- Sé einhverju ábótavant við komu, t.d. varðandi þrif eða einhvers konar bilanir, skulu þegar gerðar um það athugasemdir við umsjónarmann í síma 563-0360 eða 692-2747.
- Ef dvöl verður skemmri en leigusamningur segir til um, ber leigutaka að tilkynna það við brottför.
- Reykingar eru stranglega bannaðar. Brot á reglum hússins geta varðað tafarlausri brottvikningu úr íbúðinni.
- **Skila skal lykli / setja í umslag er fylgdi og setja í póstkassann nr. 405 í anddyri hússins**
- **Skila skal íbúðinni kl. 12 á hádegi.**

Leigutökum er bent á að hafa samband við Halldóru Ólafsdóttur hjá Bændasamtökum Íslands í síma 563-0300 eða í netfangið [ho@bondi.is](mailto:ho@bondi.is).



Aðkoma að blokkinni.

